

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 2001.***Davíð Oddsson.****Halldór Blöndal.**
(L. S.)**Garðar Gíslason.**

*Sólveig Pétursdóttir.***LÖG****um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti
þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

51. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 2001.***Davíð Oddsson.****Halldór Blöndal.**
(L. S.)**Garðar Gíslason.**

*Sólveig Pétursdóttir.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur,
með síðari breytingum.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „fleiri en tvö stéttarfélög“ í fyrri málslíð 4. mgr. kemur: tvö eða fleiri stéttarfélög.
- b. Í stað „2. mgr.“ í síðari málslíð 4. mgr. kemur: 3. mgr.

2. gr.

Í stað orðanna „Vinnuveitendasambandi Íslands“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 39. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. kemur: Samtökum atvinnulífsins.

3. gr.

67. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „Frávísunardómi eða úrskurði“ í 1. tölul. kemur: Frávísunardóm eða úrskurð.
- b. Í stað orðsins „Dómi“ í 2. tölul. kemur: Dóm.
- c. 3. tölul. orðast svo: Úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og réttarfarssektir skv. 60. og 63. gr.
- d. Við greinina bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ákvörðun um að gera aðila að greiða sektir skv. 65. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 2001.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Garðar Gíslason.

Páll Pétursson.

LÖG

um breyting á lögum um bókasafnsfræðinga, nr. 97/1984.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðsins „bókasafnsfræðing“ í 1. gr. laganna kemur: bókasafns- og upplýsingafræðing.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: þeim sem lokið hafa BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein er jafngildir a.m.k. 60 námseiningum.
- b. Í stað orðsins „bókasafnsfræði“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: bókasafns- og upplýsingafræði.
- c. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar, þ.e. MA, MLS eða sambærilega háskólagráðu.